

**Landbótasjóður Fljótsdalshrepps
Ársskýrsla stjórnar 2014**

Skýrsla stjórnar

Eftir síðustu sveitarstjórnarkostningar voru gerðar breytingar á stjórn sjóðsins. Sigmar Ingvason og Lárus Heiðarsson viku þá úr stjórn. Stjórn Landbótasjóðs er í dag skipuð eftirfarandi stjórnarmönnum:

Eiríkur Kjerúlf Gjaldkeri, Arnheiðarstöðum
Jóhann Þórhallsson, Brekkugerði
Anna Bryndís Tryggvadóttir, Brekku

Stjórnir sjóðsins funduðu 3 sinnum á árinu. Alls bárust 12 umsóknir um landbætur í sjóðinn og voru allar samþykktar. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins voru á árinu til ráðstöfunar 7.287.130 kr.. Umsóknir voru talsvert umfram þá upphæð eða rúmlega 9,5 milljónir króna. Stjórnin ákvað að haga úthlutun með eftirfarandi hætti: Enginn styrkur verði hærri en 756.000 krónur. Allar umsóknir sem námu hærri fjárhæð en það skertust við þá upphæð. Fyrir umsóknir sem námu hærri fjárhæð en 300.000 kr (en náðu ekki 756.000 kr.) skerðist styrkur þannig að 30% eru dregin af þeim hluta upphæðarinnar sem er umfram þá tölu. Tekið er fram að þessi úthlutunarregla gildir aðeins fyrir þetta ár, en haga verður úthlutun hverju sinni eftir því fjármagni sem er til ráðstöfunar og þeim umsóknum sem berast.

Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta og annars kostnaðar á árinu 2014 varð 7.370.229 kr. og skiptist sem hér segist:

Landbótaframlög	7.193.448	
Laun og launatengd gjöld	127.580	
Reikningsleg aðstoð	340.558	
Endurgreiddur virðisaukaskattur, 2008 til 2013	(307.872)	
<u>Auglýsingar</u>	<u>16.515</u>	
SAMTALS	7.370.229	kr.

Framkvæmdir 2014

Eftirfarandi 12 verkefni voru samþykkt:

- Vallholt. Sótt um styrk til styrkingar gróðurlendis, og stöðvun gróðureyðingar og sandfoks. Svæðin eru hálsinn innan við Ranaskóg, eyrar neðan við Gilsáreyri.
- Hrafnkelsstaðir. Áburðardreifing á blásna mela, rofabörð. Svæðin eru Tófuaxlarháls, Lækjardalur og nágrenni Markmið, styrking fyrirbyggjandi gróðurs og auka beitarþol og til varnar uppblæstri.

- Arnheiðarstaðir. Svæðin eru neðan og ofan Þjóðvegjar. Áhersla lögð á svæðið í kringum Bolalæk og ofan túngirðingar. Einnig í girðingu upp af Árnastein og á eldri áburðadreifing Áburðardreifing til styrkingar gróðurs.
- Melar. Svæðið er fyrir ofan bæ og eru uppblásnir melar og móar. Áburðardreifing til styrkingar staðargróðurs.
- Víðivellir fremri. Áburðargjöf til styrkingar staðargróðurs. Svæðið er í fjallshlíð ofan bæjar og eyrar við Kelduá. Sömu svæði og unnið var með 2012. Einnig hefur verið dreift úr moði.
- Droplaugarstaðir. Dreifing úr gömlum heyrúllum í rofabörð og uppblásna mela ásamt sáningu grasfræs og áburðargjöf.
- Valþjófsstaður 2. Unnið var á bæjarhjalla, Vatnsleysu, melum á milli fjárhúsa og bæjar ásamt fleiri svæðum. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Bessastaðagerði. Rýrir melar fyrir ofan bæ. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Eyrarland. Styrking staðargróðurs og uppgræðsla mela og ógróins lands í beitarhólfi í neðsta hluta fjallsins.
- Víðavallagerði. Fræ og áburðardreifing á lítt gróna mela og rof í landi fyrir ofan og innan bæinn (Neðsti-, Kollótti-, Efsti- og Langimelur) til styrkingar staðargróðurs og heftingar á foki og úrrennsli.
- Glúmsstaðir 1. Fræ og áburðardreifing ásamt lagfæringum á aurskriðu sem féll á fjárhúsin síðastliðið vor.
- Brekkuagerði. Áburðardreifing til styrkingargróðurs við Baulutanga sem er niður við fljót, Bæjarhjalla sem er beitarhólf ofan við bæinn og þriðja svæðið heitir Fláar og er ofan við girðingar í Brekkugerðisfjalli.

Framkvæmdir voru á eftirfarandi jörðum:

- Vallholt og Hrafnkelsstaðir, 7,2 tonn af áburði borin á 88 ha.
- Arnheiðarstaðir, 7,8 tonn af áburði borin á 22 ha.
- Melar, 7,2 tonn af áburði borin á 82 ha.
- Víðivellir Fremri, 6 tonn af áburði borin á 44 ha.

- Droplaugarstaðir, Dreift úr gömlum heyrúllum, sáð 20 kg. af grasfræi og 125 kg. af áburði á 16 ha.
- Valþjófsstaður 2, 3 tonn af áburði borin á 22 ha.
- Bessastaðagerði, 7,2 tonn af áburði borin á 40 ha.
- Eyrarland, 4,8 tonn af áburði borin á 17 ha.
- Víðivallagerði, 1,8 tonn af áburði borin á 5 ha.
- Glúmsstaðir, 1 1,8 tonn af áburði borin á 3 ha.
- Brekkugerði, 6 tonn af áburði borin á 62 ha.

Samtals var dreift rúmlega 52 tonnum af áburði og 20 kg af grasfræi á 300 ha. lands. Öll svæðin eru undir 300 m.h.y.s..

Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótisdalshrepps 2014

